

G J A L D S K R Á

um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kaupþúnum, og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúðatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands.

Heimtaugargjöld.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug:

Varstærð	Stofngjald	Gjald af yfirlengd ¹⁾	
Amp.	kr.	Jarðstrengur	Loftlína
		kr./m	kr./stólpa
63 einfasa	39 000	900	10 000
63 þriggjafasa	43 000	900	15 500
100 —	51 000	1 200	
200 —	82 000	1 200	
315 —	170 000	1 500	
300 kVA spst.	250 000	Samkv. kostn.	
500 kVA spst.	400 000	Samkv. kostn.	
800 kVA spst.	635 000	Samkv. kostn.	

- 2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Strenglengd umfram 2 m inn í hús greiðist samkv. gjaldi um yfirlengd. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.
- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum að hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstæðan fullnægja heim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um að hverju sinni.

¹⁾ Gjald af yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m.

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandinn greiða kostnaðarmismuninn, samkvæmt gjaldskrá eða kostnaðarreikningi, eftir því sem við á.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður að hverju sinni.
- 3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftílnustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 10 000.00 miðað við 60 Amp stofnvara en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna, hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verkið er hafið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, nr. 216 22. desember 1960.

Iðnaðarráðuneytinu 6. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði
á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið
1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Söltuð þorsklök.

700 gr og yfir	kr. 169.00
400—700 gr	— 169.00
200—400 gr	— 160.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.